

Vortónleikar 2010

Lög eftir Sigfús Halldórsson

Við tvö og blómið

Vilhjálmur frá Skáholti

Það vex eitt blóm á bak við húsið mitt
í björtum reit á milli grárra veggja.
Og þó að blómið sé ei blómið þitt,
á blómið skylt við hjörtun okkar beggja.

Og morgun hvern, er morgunsólin skín,
og mynd var búin litum þess og angan,
því okkar hjörtu eru eins og vín,
og einnig blómsins sál er vín og angan.

Og morgun hvern, er morgunsólin skín,
og mildir geislar ungu blöðin kitla,
ég minnst þess, að þú varst stúlkan mín,
og þögul tárin falla` á blómið litla.

17. júní í Reykjavík

Úlfur Ragnarsson

Úti við Flóann fegurðin býr.
Fjarlægur jökull hvítur skín.
Þar vakir Engey ungleg og hýr
iðgrænt er hennar sumarlín

Við hafnarbakkann skrautbúin skarta
skipin með langfarans glæsibrag.
Um landnám frítt með hátíð í hjarta
horfir hann Ingólfur nú í dag.

Bjarkirnar anga, unaðar rík
umvefja landið töfra völdin
og sveipa gulli sölutjöldin
sautjándá júní í Reykjavík.

Esjuna kyssir örlítið ský,
Akrafjall klýfur lygnan sæ.
Nú finna allir aftur á ný
æskunnar þrótt í vorsins bæ.

Að litlum fánum leika sér börnin.
Lífsgleðin sindrar á hverri brá.
Við sefið hjalar sólfögur Tjörnin,
Svanirnir líða um flötinn blá.

Vortíðin unga engu er lík
Austurvöll sé ég leiðast vini
til heiðurs Jóni Sigurðssyni
sautjándá júní í Reykjavík.

Hálfgleymd serenade

Jón frá Ljárskógum

Og nú er sól að hníga og gullnir glampar loga,
svo glitri slær á tinda og spegilsléttan sæ.
Í fjarska synda svanir um sólargyllta voga
og silfurtónar óma í kvöldsins léttu blæ.

Og kvöldsins töfra fegurð mitt hjarta með sér hrífur,
og heillar mig og leysir öll gömul hversdagsbönd.
Og enn á ný minn hugur með sunnan blænum svífur
á sólskinshvítum vængjum um minninganna lönd.

Og núna þegar haustar og hníga blóm og falla,
þá heldur þú í norður og vegir skilja` um sinn.
Og ef ég gæti handsamað himins geisla alla,
ég hnýtti úr þeim sveiga að skreyta veginn þinn.

Og nú er leiðir skiljast og vetur sest að völdum,
þá verður þetta síðasta kveðjuóskin mín.
Að vorið eigi` í hjarta þínu völd á dögum köldum
og vefji sínu fegursta skarti sporin þín.

Þín hvíta mynd

Tómas Guðmundsson

Eins og tunglskinsljóð sem blærinn ber,
úr bleikri firð á vængjum sér.
Líður mér um svefninn hægt og hljótt
þín hvíta mynd um svarta nótt.
Kannski var það draumur,
sem ég gat ekki gleymt
en eitt er víst að síðan er í hjarta mínu reimt.

Dvelst mér bak við hljóð og horfin ár,
við hvítan seið og dökkan brár,
og hendi það mig aftur að horfa í augun blá
ég heiti því að standast aldrei
framar töfra þá.

Fagra veröld

Tómas Guðmundsson

Svo mánablíð og björt sem mjöll,
ó, björt sem mjöll skein ásýnd þín.
Og hingað komstu kvöldin öll,
og kvöldin öll var drukkið vín.
Og stundin leið við ljóð og ást,
við ljóð og ást. Ó, glaða stund,
og ljósu armar, lilju mund.
Ó, ljúfa stund, uns gæfan brást.
En hví skal trega horfinn dag,
sem heiður, bjartur fram hjá rann?
Og hví skal syrgja ljúflingslag,
sem lífsglaðast í hjörtum brann?
Um ást og vín bað æska þín,
og alls þess naut sá þúsundfalt,
sem lifað hefur líf sitt allt,
einn ljúfan dag, við ást og vín.

Ei þekkti` ég ást, sem aldrei dó.
En ást, sem gerði lífið bjart
um stundarbið, ég þekkti þó.
Og þegar næturhúmið svart
um sálu mína síðast fer
og slökkur augna minna glóð,
þá veit ég, hvaða ljúflingsljóð
mun líða hinst að eyrum mér.

Ó fagra veröld vín og sól, ég þakka þér.

Við Vatnsmýrina

Tómas Guðmundsson

Ástfanginn blær í grænum garði svæfir
grösin, sem hljóðlát biðu sólarlagsins.
En niðri` í mýri litla lóan æfir
lögin sín undir konsert morgundagsins.

Og úti fyrir hvíla höf og grandar
og hljóðar öldur smáum bárum rugga.
Sem barn í djúpum blundi jörðin andar
og borgin sefur rótt við opna glugga.

Og þögnin,- þögnin hvíslar hálfum orðum.
Hugurinn minnst söngs, sem löngu` er dáinn.
Ó, sál mín, sál mín! Svona komu forðum
sumurin öll, sem horfin eru` í bláinn.

Ó, blóm, sem deyið! Björtu vöku nætur,
sem bráðum hverfið inn í vetrarskuggann !
Hvers er að bíða? Hægt ég rís á fætur,
og hljóður dreg ég tjöldin fyrir gluggann.

Hreiðrið

Þorsteinn Erlingsson

Þér frjálst er að sjá, hve ég bólið mitt bjó,
ef börnin mín smáu þú lætur í ró;
þú manst, að þau eiga sér móður,
og ef að þau lifa, þau syngja þér söng
um sumarið blíða og vorkvöldin löng,
þú gerir það, vinur minn góður.

Sumarminning

Jón Sigurðsson

Er bærðist lauf í blæ svo undur þýðum,
að björk og reynir loftið angan fyllti
og vonblíð sólin vanga þína gyllti,
þá virtist lífið hlýða anda blíðum.

Er gengum tvö í grænum víðihlíðum
og gæfan fylgdi hverju okkar skrefi,
í mínum huga enginn fannst þá efi
þar ástin spratt hjá skrúða blóma fríðum.

Haustlitur rauður hægt um kjarrið fer,
húmsvölum skuggum vex nú óðum styrkur.
Á skógarhlíð leggst frost og fannalín.

Sólvermda minning birtu hlýja ber
með birkiilmi gegnum vetrarmyrkur.
Þín bjarta mynd er æskuástin mín.

(Í grænum mó) Og það var ekkert ljóð

Gestur Guðfinnsson

Ég leit þau fyrst einn dag, einn sumardag
með drifhvít morgunský,
í grænum mó, þau léku fagurt lag
- og léku það á ný.

Í lágri þúfu` í þessum græna mó
var þeirra litla bú,
- var þeirra yndi umlukt bjartri ró
og einni von og trú.

Og þegar sólin hneig í hafið rótt
og hvarf í roðaglóð,
ég sat þar oft og sat þar fram á nótt
við söng og ástaljóð.

Og engin ást er sælli` í óði` og söng
en söng og óði þeim.
- Og hvaða eilífð er þeim nógu löng,
sem elskast, hjörtum tveim ?

En svo eitt kvöld, eitt kvöld með döggi og blóm
ég kom í þennan mó.
Þau sátu í þögn. Og það var auðn og tóm
og þögn og sorgarró.

Því þeirra bú var eytt. Á angantó
var áfallsdöggin blóð.
- Og það var sorg og þögn í grænum mó.
- Og það var ekkert ljóð.

Játning

Tómas Guðmundsson

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.
Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr
hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín,
er innan stundar lýkur göngu minni.
Þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.

Gras

Úlfur Ragnarsson

Sumir reyna` að rekja,
raunir og mæðuspor.
Grasið í minni götu
grænkaði aftur í vor.

Grasið er nú mín gleði,
og gæfan er fólgin í því
að vita það eftir vetur
vaxa og grænka á ný.

Góðar og glaðar stundir

Ómar Þ. Ragnarsson

Góðar og glaðar stundir
geymast í huga og sál,
vina, sem orna sér enn þá
við æskunnar tryggðamál.
Þær stundir leiftrandi lifa,
svo ljúfsárt minningaflóð
og okkur til æviloka
yljar sú forna glóð.

Allt er í heimi hverfult,
hratt flýgur stund, lán er valt.
Góðar og glaðar stundir
þú geyma við hjarta skalt
og magna eld sem að endist
þótt annað flest reynist hjóm.
Hann logar fegri og fegri
þótt fölni hin skærustu blóm.

Íslenzkt ástarljóð

Vilhjálmur frá Skáhholti

Litla, fagra, ljúfa vina,
lífstrú mín er bundin þér;
sjáðu, hvernig sólin brosir
sigurglöð við þér og mér.

Allt sem ég um ævi mína
unnið hefi` í ljóð og tón,
verður hismi,` ef hjartað, vina,
hefur gleymt að elska Frón.

Í augum þínum unaðs bláu,
Augunum, sem ljóma best,
sé ég landið, litla vina,
landið, sem ég elska mest.

Litla, fagra, ljúfa vina,
lífið fer að kalla` á þig,
mundu þá, að þú ert landið,
og þá hefurðu elskað mig.
Og þá hefurðu elskað mig.

Dagný

Tómas Guðmundsson

Er sumarið kom yfir sæinn
og sólskinið ljómaði um bæinn
og vafði sér heiminn að hjarta,
ég hitti þig ástin mín bjarta.

Og saman við leiddumst og sungum
með sumar í hjörtunum ungum,
Hið ljúfasta úr lögunum mínum,
ég las það úr augunum þínum.

Og húmi um heiðar og voga
mun himinsins stjörnudýrð loga
um ást okkar yndi og fögnuð,
þó andvarans söngrodd sé þögnuð.

Afadrengur

Úlfur Ragnarsson

Ég horfi inn í augun þín,
afadrengurinn
og aftur finnur óminn sinn,
innsti strengurinn.
Æska þín og árin mín
eina ganga brú.
Ein og sama eilífðin
okkur tengir nú.

Í hönd mér liggur höndin þín.
Hún er undur smá,
um verkin, sem hún vinna mun,
vil ég engu spá.
En samt mun vaka vonin sú,
að verði þau til góðs,
þótt sumir iðki siðinn þann
að særa menn til blóðs.

Æska þín og árin mín
eiga sama mið
að efla hér í heiminum
hjartans djúpa frið.
Og það veit ég, að góður Guð
til gæfu öllu snýr,
ef þú gleymir aldrei því,
sem innst í hjarta býr.

Skúraskin

Sigvaldi Hjálmarsson

Regnið ýrist milt á grænar grundir,
grúfa skýin yfir fjallsins brún,
gegnum úðann sáldrast sólskinsdreifar,
silfurgliti strá um dögguð tún.

Einn er ég á ferð og einlægt rignir,
yfir götuslóðann, sem ég fer.
Og skúraskinið, það er ekkert annað
en endurminning þín í hjarta mér.

Tondeleyó

Tómas Guðmundsson

Á suðrænum sólskinsdegi
ég sá þig, ó, ástin mín, fyrst.
Þú settist hjá mér í sandinn,
þá var sungið faðmað og kysst,
þá var drukkið, dansað og kysst,
Tondeleyó, Tondeleyó
Aldrei gleymast mér augun þín svörtu
og aldrei slógu tvö glaðari hjörtu
Tondeleyó, Tondeleyó

Hve áhyggjulaus og alsæll,
í örmum þínum ég lá
og oft hef ég elskað síðan,
en aldrei jafn heitt eins og þá,
aldrei jafn eldheitt sem þá,
Tondeleyó, Tondeleyó
Ævilangt hefði ég helst viljað sofa,
við hlið þér í dálitlum svertingjakofa
Tondeleyó, Tondeleyó.

Vögguljóð

Kári Sigurðsson

Sofðu, vinur sofðu.
Því svefninn hrekur tár.
Ég skal vagga` og vaka
og votar þerra brár.
Kúrðu þig í koddann,
ég kyssi gullið hár.

*Sofðu, vinur sofðu.
Því svefninn eykur þrótt.
Ég skal verma vangann,
ef verður kalt í nótt.
Ég bið, að Guð þín gæti,
þú getir sofið rótt.*

(Skáletraður texti = einsöngur)

Að síðsumri

Helgi Seljan

Á hugans lendur húmtjöld falla
er horfin tíð mín vitjar enn.
Þá gleymdar raddir krefja` og kalla
og kveðja mig til fylgdar senn.

Ég söknuð finn í sálu minni
er seiður æskudaga flýr.
Þó bregður fyrir birtu` í sinni
við bernsku minnar ævintýr.

En samt mun vaka vonglöð þráin
og veita ljósi` á mína slóð,
þó angurblítt ég út í bláinn
að æskuheitri leiti glóð.

Því hver ein tíð á töfra hjarta
sem tendrar ljós og glæðir yl.
Og því skal fagna` af hug og hjarta
í heiðríkjunni` að vera til.

Ég vildi að ung ég væri rós

Þorsteinn Ö. Stephenson

Ég vildi` að ung ég væri rós
í vorsins grænu högum.
Við sumaryl og sólarljós
ég sælum eyddi dögum.
Og létt í vindi bærðust blöð
með blómum þar ég yndi glöð,
við óm af ljúfum lögum.

Ég fögrum sveini einum ann
er eikur laufi tjalda.
Ég syng ekki` um hvað heitir hann
ef hryggð það mætti valda.
Hann er sem furan frjáls og bein
en fátæk björk er ég og ein,
þar fuglar haustmót halda.

Vegir liggja til allra átta

Ljóð: Indriði G. Þorsteinsson

Vegir liggja til allra átta
enginn ræður för,
hugur leitar hljóðra náttu,
er hlógu orð á vör
og laufsins græna` á garðsins trjám
og gleðiþyts í blænum.
Þá voru hjörtun heit og ör
og hamingja` í okkar bænum.

Vegir liggja til allra átta
á þeim verða skil,
margra` er þrautin þungra náttu
að þjást og finna til
og bíða þess að birti` á ný
og bleikur morgunn rísi.
Nú strýkur blærinn stafn og þil
stynjandi` í garðsins hrísi.

Söknuður

Ljóð: Þorsteinn Valdimarsson

Hver af öðrum til hvíldar rótt
halla sér nú og gleyma.
Vöku dagsins um væra nótt
vinirnir gömlu heima.

Þó leið þín sem áður, þar liggi hjá,
er lyngið um hálsa brumar.
Mörg höndin, sem kærast þig kvaddi þá
hún kveður þig ekki í sumar.

Andlitin, sem þér ætíð fannst
að ekkert þokaði úr skorðum
-hin sömu jafn langt og lengst þú manst
ei ljóma nú við þér sem forðum.

Og undrið stóra, þín æskusveit,
mun önnur og smærri sýnast.
Og loksins felst hún í litlum reit
af leiðum, sem gróa og týnast.